

Embættisafgreiðslur skrifstofu borgarstjórnar 19. október 2017 - R17100004

Málsnr.	Erindi:	Afgreiðsla:
	Fundargerðir:	
R17010031	Fundargerð stjórnar Faxaflóahafna sf. nr. 161 frá 13. október 2017.	Sent borgarfulltrúum til kynningar.
	Annað:	
R17030164	Fyrirspurn borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um kostnað vegna bæklings um húsnæðismál	Sent skrifstofu eigna og atvinnuþróunar til umsagnar.
R17100381	Fyrirspurn Sveinbjargar Birnu Sveinbjörnsdóttur, óháðs borgarfulltrúa, varðandi úthlutun af biðlistum eftir félagslegu húsnæði 2015-2017, dags. 17. október 2017.	Send velferðarsviði til umsagnar.
R16060113	Tilkynning Þjóðskrár Íslands um útgáfu skýrslu um fasteignamat 2018	Sent borgarfulltrúum og fjármálaskrifstofu til kynningar.
R17010082	Yfirlit yfir viðskipti innkaupadeilda í september 2017	Sent borgarfulltrúum til kynningar.
R17100374	Lóðarumsókn Catch the Fire.	Sent skrifstofu eigna og atvinnuþróunar til meðferðar.
R17070107	Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina um ábygð borgarstjóra á Orkuveitu Reykjavíkur, Veitum og heilbrigðisnefnd.	Sent borgarlögmanni til umsagnar.
R17100356	Erindi samtaka ferðaþjónustunnar um vörugjöld bílaleigubíla og skoðun á skattbyrði bílaleigufyrirtækja.	Sent skrifstofu borgarstjóra til meðferðar og til kynningar hjá borgarfulltrúum.

Fundur nr. 161

Ár 2017, föstudaginn 13. október kom stjórn Faxaflóahafna sf. saman til fundar í fundarherbergi hafnarstjórnar í Hafnarhúsinu við Tryggvagötu og hófst fundurinn kl. 09:00.

Mættir:

Kristín Soffía Jónsdóttir
Þórlaug Ágústsdóttir
Einar Brandsson
Björgvin Helgason
S. Björn Blöndal
Magnús Smári Snorrason
Marta Guðjónsdóttir

Varafulltrúi: Elín Oddný Sigurðardóttir

Áheyrnarfulltrúar:

Þorsteinn F. Friðbjörnsson
Ingibjörg Valdimarsdóttir

Auk þess sátu fundinn: Guðmundur Eiríksson, forstöðumaður tæknideildar, Hildur Gunnlaugsdóttir, skipulagsfulltrúi, Jón Þorvaldsson, aðstoðarhafnarstjóri og Gísli Gíslason, hafnarstjóri, sem jafnframt ritar fundargerð.

1. Bréf Reykjavíkurborgar dags. 5.10.2017 þar sem tilkynnt er um að Kristín Soffía Jónsdóttir taki sæti í stjórn Faxaflóahafna sf. sem formaður í stað Dags B. Eggertssonar.

Lagt fram.

2. Skipulagsmál:

- a. Deiliskipulag Miðbakka.

Skipulagsfulltrúi fór yfir drög að deiliskipulagi Miðbakka. Samþykkt að taka málið fyrir að nýju þegar fundað hefur verið með eigendum fasteigna á svæðinu.

- b. Skipulag utan Klepps.

Hafnarstjóri gerði grein fyrir viðræðum við fullrúa lóðarhafa á svæðinu og Vegagerðinni. Farið var yfir ýmis sjónarmið sem uppi eru varðandi landnýtingu og skipulag.

- c. Nýting lands og landnotkun á hafnarsvæðum Faxaflóahafna sf.

Hafnarstjóra falið að láta vinna kort af hafnasvæðum fyrirtækisins þar sem gerð er grein fyrir tegund landnýtingar og tillögu að framtíðar landnotkun.

- d. Forsögn að skipulagi Kassagerðar- og Tollvöruheymslureits.

Skipulagsfulltrúi fór yfir tillögu að forsögn og gerði grein fyrir þeim gögnum sem liggja fyrir ásamt umsögn fulltrúa umhverfis- og skipulagssviðs. Hafnarstjórn samþykkir að senda forsögnina í formlega meðferð umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkurborgar.

e. Erindi Klettaskjólshélf. dags. 5.10. 2017 þar sem óskað er eftir sameiningu lóðanna nr. 3 og 5 við Klettagarða og breytingu á nýtingarhlutfalli.

Hafnarstjóra falið að leggja fram nánari upplýsingar um málið á næsta fundi.

3. Drög að dagskrá málþings Faxaflóahafna sf. með notendum, þriðjudaginn 24. október kl. 16:00.

Lögð fram.

4. Lóðamál í Sævarhöfða.

Gerð var grein fyrir stöðu mála varðandi landfyllingu og hreinsun á seti samkvæmt samningum við Björgun ehf. og gerð grein fyrir stöðu viðræðna Faxaflóahafna sf. og Reykjavíkurborgar um sölu lands og mannvirkja.

5. Sjóminjasafnið - ný grunnsýning 2018.

Lagt fram. SAMþykkt að taka málið fyrir að nýju.

6. Starfsmannamál.

Hafnarstjóri gerði grein fyrir breytingum sem orðið hafa og eru fyrirsjáanlegar í starfsmannahaldi.

7. Önnur mál.

a. 100 ára afmæli Gömlu hafnarinnar 16. nóvember 2017.

Lagður fram listi yfir viðburði og verkefni á árinu 2017.

b. Málefni Spalar.

Hafnarstjóri gerði grein fyrir undirbúningi að lokum verkefnis Eignarhaldsfélagsins Spalar hf. og Spalar ehf. við fjármögnun og rekstur Hvalfjarðarganga.

Fleira ekki gert
fundi slitið kl. 10:50

Kristín S. Þórunn Agúsdóttir
Elin Oddis Sigurðsdóttir
Frjóbjörg Valdimarsdóttir
Náttúra Svaví Snævarsson
Hilteir Guðmundsson
För þorvaldursson
Þorsteinn Friðbjörnsson
Björgun Sells

BORGARSTJÓRN 17.10.'17: Fyrirspurn borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks um kostnað vegna bæklings um húsnæðismál - R17030164

Í dag, ellefu dögum fyrir Alþingiskosningar, lætur Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri í Reykjavík, dreifa fjörutíu blaðsíðna riti á öll heimili í Reykjavík með áróðri um húsnæðismál sem er eitt helsta kosningamálið í komandi kosningum. Gerðar eru alvarlegar athugasemdir við þessi vinnubrögð enda er með öllu ótækt að borgarstjóri noti almannafé í pólitískum tilgangi með slíkum hætti. Óskað er eftir sundurliðuðum upplýsingum um kostnað við þennan kosningabækling.

BORGARSTJÓRN 17.10.'17: Fyrirspurn óháðs borgarfulltrúa, Sveinbjargar B. Sveinbjörnsdóttur, varðandi úthlutun af biðlistum eftir félagslegu húsnæði 2015-2017 - R17100381

Nú er Reykjavíkurborg annaðhvort að kaupa sjálf fasteignir eða leigja á frjálsum markaði til að minnka biðlista eftir félagslegu húsnæði, en sá listi hefur aldrei verið eins langur. Óskað er eftir sundurliðuðum upplýsingum hversu lengi þeir aðilar sem fengið hafa úthlutaðri íbúð/húsnæðisúrræði á þessu ári, árunum 2016 og 2015, hafa verið á biðlista eftir félagslegu húsnæði hjá Reykjavíkurborg. Þá óskast jafnframt að lagðar séu fram upplýsingar um hvort um sé að ræða einstaklinga eða fjölskyldur.

Til allra bæjar- og sveitarstjóra

Reykjavík, 10. október 2017

Tilvísun ÞÍ: 2017100043/6.6.7.0

Efni: Skýrsla um fasteignamat 2018

Þjóðskrá Íslands er sönn ánægja að tilkynna útgáfu skýrslu um fasteignamat 2018. Skýrslan um fasteignamat kemur nú út í áttunda sinn og er stöðugt unnið að því að gera efni hennar betur skil. Í skýrslunni er aðferðum lýst ítarlega sem beitt er við árlegt endurmat fasteigna og birtar fjölmargar töflur, formúlur og gröf til skýringa.

Skýrsluna er að finna á heimasíðu Þjóðskrár Íslands, sbr:

<http://www.skra.is/um-okkur/utgafur-og-skjol/>

Samkvæmt lögum, nr. 6/2001, um skráningu og mat fasteigna skal endurmeta fasteignamat allra fasteigna 31. maí ár hvert miðað við gangverð eins og það var í næstliðnum febrúar. Fasteignamatið tekur gildi 31. desember 2017 og gildir fyrir árið 2018.

Hver fasteignaeigandi hefur fengið rafrænan tilkynningarseðil á „Mínum síðum“ á þjónustu- og upplýsingaveitunni Ísland.is með upplýsingum um nýtt fasteignamat eigna hans. Auk þess er hægt að nálgast upplýsingar um matið með endurgjaldslausri uppflettingu á einstökum eignum á heimasíðu stofnunarinnar skra.is.

Hafa má samband við Þjóðskrá Íslands og óska eftir innbundnu eintaki af skýrslunni.

F.h. Þjóðskrár Íslands


Margrét Hauksdóttir
Forstjóri



Reykjavík, 2. október 2017
R17010075

Borgarráð
Ráðhúsi Reykjavíkur

Málsnr.: R17 010082
Skjalasafn Ráðhúss
13. okt. 2017
Bréfalýkill: 5252

Efni: Skýrsla samkvæmt 37. gr. innkaupareglna Reykjavíkurborgar
Um er að ræða lögstjóðendur nema annað sé tekið fram.

Yfirlit yfir verkefni innkaupadeildar f.h. skrifstofu eigna- og atvinnuþróunar Reykjavíkurborgar í september 2017

Teg. verks / vöru / þjónustu	Seljandi / samn.aðili	Samningsverð	Kostn. áætlun	Teg. samn./ samn.tími	Innkaup / útboð / fyrirspurn	Hver tók ákvörðun
Pækilsópur	Aflvélar ehf	9.767.825	6.900.000	Pöntun	Verðfyrirspurn	skrifstofa eigna- og atvinnuþr

Yfirlit yfir verkefni innkaupadeildar f.h. upplýsingatæknideildar Reykjavíkurborgar í september 2017

Teg. verks / vöru / þjónustu	Seljandi / samn.aðili	Samningsverð	Teg. samn./ samn.tími	Innkaup / útboð / fyrirspurn	Hver tók ákvörðun
Internet tenging fyrir Reykjavíkurborg	Síminn hf.	17,90 án vsk Sótt erlent GB	Pöntun	EES Útboð	Innkauparáð
Cisco Umbrella hugbúnaðarleyfi	Advania hf	12.907.284	Pöntun	Útboð	Innkauparáð
IBM hugbúnaðarleyfi	Nýherji hf	4.310.715	Pöntun	Verðfyrirspurn	upplýsinga- tæknideild
Spjaldtölvur með Apple IOS stýrikerfi	Skakkiturn ehf	2.412.713	Pöntun	Órútboð innan ramma- samn.	upplýsinga- tæknideild
Fartölvur	Advania hf	10.944.819	Pöntun	Órútboð innan ramma- samn.	upplýsinga- tæknideild

Guðbjörg Eggertsdóttir

Guðbjörg Eggertsdóttir
innkaupadeild Reykjavíkurborgar

**Catch The Fire Reykjavik - lóðarumsókn****Bréf: t-póstur**

Málsnúmer: R17100374

Bréfalyklar: 647 Lóðir, umsóknir, almennt

Eigandi skjals: Fany Larota Catunta

Staða: Í vinnslu

Dagsetningar:

Búið til: 17.10.2017

Dagsetning skjals: 01.09.2017

Upplýsingar um viðskiptavin :

Catch The Fire Reykjavik (670308-1380)

Baldur Freyr Einarsson

Netfang: beinarsson@catchthefire.com

Skjalalykill	647 Lóðir, umsóknir, almennt	Málsnúmer	R17100374
Móttökudags.	01.09.2017	Skráð í GoPro	17.10.2017

Viðtakandi	Sendandi	
Deild (Ráðhúss)	Fyrirtæki/stofnun	Catch The Fire Reykjavik
Starfsmaður	Nafn	Baldur Freyr Einarsson
	Kennitala:	670308-1380

Tegund skjals	t-póstur	Fyrir Borgarráð
Efnisorð		

Sent:**Sent til:**

Notandi: vefur@reykjavik.is

Dagsetning: 1.9.2017 16:32:44

Til: "Erindi" <erindi@reykjavik.is>

Efni: Form submission from: Erindi til borgarstjóra / Request to the Mayor of Reykjavik

Submitted by user:

Submitted values are:

Nafn/Name:

Catch The Fire Reykjavik

Kennitala/Social Security Number:

670308-1380

Netfang/Email:

beinarsson@catchthefire.com

Netfang staðfest:

beinarsson@catchthefire.com

Sími/Telephone:

6117000

Ef erindið varðar annan en sendanda vinsamlegast tilgreinið nafn og kennitölu / If your request regards someone else than sender. please put his

or her name here:

Efni erindis:

Annað

Erindið:

Erindi til Borgarráðs Reykjavíkur:

Lóð undir kirkju og starfsemi trúfélagsins Catsh The Fire Reykjavík.

Trúfélagið er skráð hjá Sýslumanni og með réttindi til að vera trúfélag.

Nú förum við þess á leit við borgarráð Reykjavíkur að trúfélag okkar fái úthlutaða lóð undir kirkju og starfsemi okkar. Förum við fram á það að lóðin sé miðsvæðis, með greiðar aðgöngur og tengingar við gatnakerfi og samgöngur borgarinnar. Við óskum eftir því að lóðin hafi góða staðsetningu og að ásýnd kirkju okkar sé sýnileg.

Hér með er lagt fram erindi þetta með ósk um skjót svör og afgreiðslu þessa máls.

Virðingafyllst,

Baldur Freyr Einarsson
Forstöðumaður
Catch The Fire
Stangarhylur 7, 110 Reykjavík

Reykjavík
18. ágúst. 2017

Hefur verið leitað til annarra aðila hjá Reykjavíkurborg? / Has this request been sent to another department or person within Reykjavik's administration or service?

Nei

Ef já, hvaða aðila? / If yes, to whom?

Hefur verið leitað til annarra embættismanna innan Reykjavíkurborgar vegna erindisins?

Hvers vegna er leitað til borgarstjóra? / Why is a request sent to the Mayor of Reykjavík?

Erindi til Borgarráðs Reykjavíkur:

Lóð undir kirkju og starfsemi trúfélagsins Catsh The Fire Reykjavík.

Trúfélagið er skráð hjá Sýslumanni og með réttindi til að vera trúfélag.

Nú förum við þess á leit við borgarráð Reykjavíkur að trúfélag okkar fái úthlutaða lóð undir kirkju og starfsemi okkar. Förum við fram á það að lóðin sé miðsvæðis, með greiðar aðgöngur og tengingar við gatnakerfi og samgöngur borgarinnar. Við óskum eftir því að lóðin hafi góða staðsetningu og að ásýnd kirkju okkar sé sýnileg.

Hér með er lagt fram erindi þetta með ósk um skjót svör og afgreiðslu þessa máls.

Virðingafyllst,

Baldur Freyr Einarsson
Forstöðumaður
Catch The Fire
Stangarhylur 7, 110 Reykjavík

Reykjavík
18. ágúst. 2017

Fylgigögn:

Annað:
EF erindið á að fara annað þá endilega benda okkur á þann farveg.

Með fyrirfram þökk

Submission URL:
<http://reykjavik.is/node/7858/submission/21239>

BORGARRÁÐ 20. júlí 2017: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina um ábyrgð borgarstjóra á Orkuveitu Reykjavíkur, Veitum, og heilbrigðisnefnd - R17070107

Í skýrslu úttektarnefndar borgarstjórnar á stjórnkerfi og stjórnsýslu Reykjavíkurborgar sem gerð var 2013 kemur ítrekað fram að borgarstjóri sé æðsti embættismaður borgarinnar. Ein af stjórnsýslustofnunum Reykjavíkurborgar er heilbrigðisnefnd Reykjavíkur. Í eigendastefnu OR kemur m.a. fram að með skýrri eigendastefnu sé leitast við að skýra hlutverk og ábyrgð eigendanna og tryggja þátttöku þeirra í ákvörðun um mikilvæg málefni og stefnu og þannig eigi eigendastefnan að tryggja lýðræðislega, gagnsæja, faglega og skilvirka stjórnun fyrirtækisins. Óskað er eftir álit borgarlögmans og innri endurskoðanda á því hvort að a) eigendastefna OR firri borgarstjóra að einhverju leyti ábyrgð sína á vanrækslu og því tjóni sem bilun í skoldpælistöðunni við Faxaskjól hefur valdið, b) hefur það áhrif að Veitur er dótturfélag OR og c) ber borgarstjóri ekki ábyrgð á heilbrigðisnefnd Reykjavíkur?

Til sveitarstjóra / oddvita



Reykjavík 13. október 2017

Efni: Vörugjöld bílaleigubíla og skoðun á skattbyrði bílaleigufyrirtækja

Ágæti sveitarstjóri / oddviti

Yfir helmingur erlendra ferðamanna ferðast með bílaleigubílum og hentar ferðamátinn afar vel til að dreifa ferðamönnum um allt land þ.m.t. á staði sem öllu jafnan eru utan alfara leiðar en byggja lífsviðurværi að miklu leyti á komum ferðamanna. Að óbreyttu er þessum ferðamáta ógnað þar sem hátt í fjögurra milljarða álögur leggjast á bílaleigur um næstu áramót, 1. janúar 2018, þegar bílaleigubílar fara í efsta þrep vörugjalda. Til samanburðar skagar hækkunin ein og sér hátt í það sem útgerðin greiddi í veiðigjöld á síðasta fiskveiðiári.

Samtök ferðapjónustunnar (samtökin) vilja með þessu erindi benda forsvarsmönnum sveitarfélaga á að ekkert samráð hefur átt sér stað af hálfu stjórnvalda hvað varðar skoðun á heildarskattbyrði bílaleiga þrátt fyrir loforð efnahags- og viðskiptanefndar um að slíkt ætti að fara fram samhliða umræddri hækkun. Réttast væri að sjálfsögðu að fresta fyrirhuguðum vörugjaldahækkunum, í það minnsta á meðan slík skoðun fari fram en á sama tíma væri að mati samtakanna einnig rétt að skoða aðrar og skilvirkari leiðir til frekari tekjuöflunar.

Í nefndarálitni efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, þegar boðaðar breytingar voru samþykktar haustið 2015, var skýrt kveðið á um samráð við greinina við að skoða heildar skattbyrði bílaleiga: „*Í því samhengi vill meirihlutinn taka fram að hann væntir þess að skattbyrði bílaleiga verði skoðuð á heildrænan hátt við heildarendurskoðun skattlagningar á ökutæki og eldsneyti. Í þeirri vinnu leggur meiri hlutinn áherslu á að ríkt samráð verði haft við alla hagsmunaaðila í greininni.*“ Samráðið og skoðun á skattbyrði hefur ekki með neinum hætti farið fram. Staðan er með öllu óásættanleg og verður það algert reiðarslag fyrir greinina komi til ofangreindra áframa um næstu áramót án þess að nokkur heildarskoðun hafi farið fram og staðan metin.

Bílaleigubílar eins og leigubílar og sérútbúnaðar bifreiðar hafa verið skilgreind sem atvinnutæki og því greitt vörugjöld samkvæmt þeim vörugjaldaflokki. Sama á við um önnur atvinnutæki

sem ekki bera vörugjöld, en bílaleigubílar verða við boðaða breytingu einu atvinnutækin sem bera full vörugjöld en bílaleigur hafa þar að auki ávallt verið í efra 24% þrepi VSK. Gangi boðaðar breytingar eftir óbreyttar, mun nýfjárfesting minnka til muna auk þess sem bílaleigum verður gert nánast ómögulegt að selja notaðar bifreiðar úr landi sem tilheyrandi neikvæðum áhrifum á íslenskan bílamarkað.

Með auknum álögum er ljóst að samkeppnishæfni greinarinnar mun versna verulega með tilheyrandi áhrifum á þau 1200 til 1500 störf sem greinin skapar ár hvert. Fjármögnun á nýjum bílum þyngist mikið og munu bílaleigubílar því eldast með tilheyrandi neikvæðum áhrifum á umferðaröryggi ferðamanna og gæði. Slíkt eykur enn á hættur við akstur á þegar aðframkomnu vegakerfi landsins.

Líklegt verður að teljast að neyslumynstur ferðmannsins muni enn breytast til verri vegar þ.e. ferðum hans um landið, á hinar dreifðari byggðir landins, mun enn fækka versni samkeppnishæfni bílaleigubílsins enn frekar.

Samtökin vilja með bréfi þessu benda þér á þær blikur sem eru á lofti varðandi þennan ferðamáta sem skiptir sköpum hvað varðar eflingu ferðaþjónustu á þínu svæði. Nú eru kosningar innan nokkurra vikna. Væri ekki skynsamlegt að nýta tækifærið og spyrja frambjóðendur í þínu kjördæmi út í það hvernig þeir hyggjast bregðast við hvað þessa stöðu mála varðar?

Nánari upplýsingar og svör við spurningum veitir Gunnar Valur Sveinsson, verkefnastjóri bílaleigunefndar SAF. Póstfang: gunnar.valur@saf.is – GSM: 8220058

Virðingarfyllt
f.h. Samtaka ferðaþjónustunnar



Helga Árnadóttir
Framkvæmdastjóri SAF